

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis I, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í því að byggingarreitir á lóðunum nr. 2 - 18 við Skálatún lengjast til austurs og vesturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 22. júní 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr.	1.400
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	kr.	1.850
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr.	4.200
- gjald fyrir sæði úr holdanautum	kr.	1.200
- heimsóknargjald vegna sæðinga	kr.	800

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á

starfssvæði B.V. kr. 2.800 pr.klst.

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur

á starfssvæði B.V. kr. 6.000 pr.klst.

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði B.V. kr. 0

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

1. júlí 2005

Nr. 652

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993, um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. g bætist við ný grein, 1. gr. h, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Ákvæði XI. kafla framangreindrar EB-gerðar, sem snertir framkvæmd 53. og 54. gr. EES-samningsins, fela í sér ýmsar breytingar á eldri reglugerðum sem eru hluti samningsins (XIV. viðauka og bókun 21). Reglugerðirnar eru: 17/62, sbr. 3. tölul. bókunar 21, 141/62, sbr. 6. tölul. bókunar 21, 19/65, 1017/68, sbr. 7. tölul. bókunar 21, 2821/71, 2988/74, sbr. 10. tölul. bókunar 21, 4056/86, 3975/87, 3976/87, 1534/91 og 479/92.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.